

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 18. október 2014.

Tímasetning fundar: kl. 14:00 - 16:05

Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	Mætt
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt
Margrét Bóasdóttir	verndari Gígjunnar	Fjarverandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Cantabile (Margrét Pálmadóttir og Sigrún Hálfðánardóttir)

Hekklurnar (Guðlaug Ásgeirsdóttir og Hrefna Sigurðardóttir)

Jórukórinn Selfossi (Elín Bj. Sveinsdóttir og Kolbrún Káradóttir)

Kvennakór Garðabæjar (Guðrún Anna Magnúsdóttir, Helen Hreiðarsdóttir, Hrönn Grétarsdóttir og Heiða Gunnarsdóttir)

Kvennakór Hafnarfjarðar (Steiney Halldórsdóttir)

Kvennakór Hornafjarðar (Þórhildur Kristjánsdóttir)

Kvennakór Ísafjarðar (Pernilla Rein)

Kvennakór Reykjavíkur (Rósa Kristín Benediktsdóttir og Ingibjörg Barðadóttir)

Kvennakór Suðurnesja (Ina Dóra Hjálmarsdóttir, Bergný Jóna Sævarsdóttir og Aðalheiður Gunnarsdóttir)

Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur (Dagbjört Lára Ottósdóttir, Særún Ármannsdóttir, Sigþóra O. Sigþórsdóttir og Jóhanna M. Baldursdóttir)

Kvennakórinn Seljur (Hulda S. Júlíusdóttir og Bjarndís Júlíusdóttir)

Vox Feminae (Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Hallveig Andrésdóttir, Ása Særún

Aðalsteinsdóttir, Guðný Jónsdóttir, Margrét Pálmadóttir og Sigríður Guðmundsdóttir)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Þórhildur Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Aðalheiður Gunnarsdóttir yrði kosin fundarstjóri og Steiney Halldórsdóttir fundarritari og var það samþykkt með lófataki. Að loknum aðalfundi var kvennakórskona heiðruð. Landsmót kvennakóra á Ísafirði 2017 kynnt. Farið var yfir vefsetur Gígjunnar. Sigríður Hulda Jónsdóttir var með námskeiðið Efling gleðinnar.

1. Skýrsla stjórnar.

Þórhildur Kristjánsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar, sem var eftirfarandi:

Aðalfundur Gígjunnar 2013 var haldinn þann 26. október, þar mættu 33 konur frá 15 kórum.

Kosin var ný stjórn. Steiney Halldórsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir úr Kvennakór Hafnarfjarðar og Þórhildur Kristjánsdóttir úr Kvennakór Hornafjarðar gáfu kost á sér áfram í stjórn, en Dagbjört Lára Ottósdóttir úr Kvennakórnum Léttuveit Reykjavíkur og Guðlaug Ásgeirsdóttir úr Kvennakórnum Hekklunum komu nýjar inn í stjórn. Þórhildur var kjörin formaður.

Varastjórnin var skipuð Snæfríð Egilsson og Önnu Breiðfjörð Sigurðardóttur úr Kvennakór Akureyrar sem gáfu kost á sér áfram og Kolbrúnu Halldórsdóttur sem kom ný inn í varastjórn.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir á fundinum, þær Margrét Hreinsdóttir úr Kvennakór Reykjavíkur og Jóna Björg Kristinsdóttir úr Kvennakórnum Ym.

Vefstjóri Gígjunnar er Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir úr Kvennakór Suðurnesja og verndari Gígjunnar er Margrét Bóasdóttir kórstjóri og söngkona.

Aðildarkórnir eru 26, en því miður er það stundum svo að einhverjir kórar leggja niður störf tímabundið eða til frambúðar og á þessu ári hættu Uppsveitarsystur og Kvennakórinn Fjalladísir starfsemi sinni. Við þökkum þeim kærlega fyrir samstarfið.

Hins vegar höfum við frétt af stofnun tveggja kvennakóra til viðbótar, og vonumst við auðvitað til að fá þær til okkar líka .

Störf stjórnar.

Stjórn Gígjunnar fundaði níu sinnum á þessu starfsári. Flestir voru fundirnir haldnir með tæknilegri aðstoð þar sem formaðurinn býr á bak við fjöllin sjö og hefur ekki alltaf haft tök á að koma til höfuðborgarinnar til að fara á fund. Fundirnir hafa ýmist verið símafundir eða á skype.

Stjórnin skipti með sér störfum þannig að Dagbjört er varaformaður, Steiney ritari, Guðlaug gjaldkeri og Ragnheiður meðstjórnandi.

Landsmót íslenskra kvennakóra bar hæst á þessu ári og var það meginþema flestra fundanna.

Við létum gera fána með lógói Gígjunnar. Annars vegar var það stór hátíðarfáni sem þið sjáið hér og hins vegar 50 borðfánar. Lógóið hannaði Gréta hjá Hvíta húsinu og fánarnir voru gerðir hjá Merkismönnum. Við erum mjög stoltar af þessum fánum og þessu fallega lógói og er það von mín að það fái að sjást sem víðast. Verið er að vinna að því að gera bréfsefni með þessu sama sniði og e.t.v. fleira.

Fyrir landsmótið gerðum við einnig einblöðung með upplýsingum um Gígjuna - landssamband íslenskra kvennakóra sem dreift var til allra þátttakenda á mótinu og

ætlunin er að formenn kóranna hafi eintök hjá sér til að afhenda nýjum meðlimum í sínum kórum.

Landsmót íslenskra kvennakóra á Akureyri.

Landsmótið var síðan haldið á Akureyri í maí. Það var einstaklega skemmtilegt og vel skipulagt og Kvennakór Akureyrar til mikils sóma. Takk kærlega fyrir kæru konur í Kvennakór Akureyrar, þið kunnið svo sannarlega að taka vel á móti gestum og gerðuð þessa helgi ógleymanlega.

Á landsmótinu var haldinn félagsfundur í Gíggjunni. Svolítið bar á því að konur í kórnum litu ekki svo á að félagsfundurinn væri fyrir alla félagsmenn, heldur einungis stjórnirnar. Þetta hefur leitt okkur að umræðu um hvort við þurfum að skoða betur sýnileika okkar úti í kórnum.

Í lok landsmótsins var síðan tilkynnt hvar næsta landsmót verður haldið. Það er Kvennakór Ísafjarðar sem ætlar að vera næsti gestgjafi og við erum strax farnar að hlakka til að eiga skemmtilega og lærdómsríka helgi í faðmi hárna fjalla við Ísafjarðardjúp.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar Gíggjunnar þakka öllum aðildarkórnum fyrir gott samstarf og frábærar samverustundir á starfsárinu sem er að ljúka. Það er von mín að landssambandið eigi eftir að eflast og verða sýnilegra á komandi starfsári og reynast aðildarkórnum sterkur og góður bakhjarl.

2. Reikningar.

Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga starfsársins 2013-2014 og las þá yfir fyrir fundargesti.

3. Umræða um skýrslu og reikninga.

Fyrirspurnir bárust um tónverkasjóðinn. Guðlaug svaraði því að styrkur frá Hlaðvarpanum hafi óvart verið settur á rangan reikning og var færður yfir í tónverkasjóðinn. Rætt var um upphaf sjóðsins og farið yfir reglur sjóðsins. Síðan var skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða og reikningar starfsársins sömuleiðis.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Engar tillögur komu um lagabreytingar á lögum Gíggjunnar.

5. Ákvörðun árgjalds.

Tillaga kom um að hafa árgjald óbreytt frá fyrra ári þ.e. 3000 kr. á hvern aðildarkór og auk þess 200 kr. fyrir hverja kórkonu. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning formanns.

Þórhildur Kristjánsdóttir gefur kost á sér áfram sem formaður Gíggunnar.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Dagbjört Lára Ottósdóttir, Guðlaug Ásgeirsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir gefa kost á sér áfram í stjórn Gíggunnar. Steiney Halldórsdóttir fer út úr stjórn. Anna Lilja Ottósdóttir úr Kvennakór Hornafjarðar gefur kost á sér í aðalstjórn. Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir gefa kost á sér áfram í varastjórn en Snæfríð Egilson er flutt til Grænlands og fer því út úr varastjórn. Una Þórey Sigurðardóttir úr Kvennakór Akureyrar gefur kost á sér í varastjórn. Allar voru samþykktar samhljóða.



Fráfarandi stjórn ásamt vefstjóra Gíggunnar, talið frá vinstri: Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Guðlaug Ásgeirsdóttir, Dagbjört Lára Ottósdóttir, Þórhildur Kristjánsdóttir og Steiney Halldórsdóttir. Á myndina vantar Ragnheiði Helgadóttur.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Margrét Lára Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og voru samþykktar einróma.

9. önnur mál.

Vefsetur Gígunnar.

Aðalheiður kynnti vefsetur Gígunnar. Hún minnti á ýmis atriði sem eru á vefnum eins og fréttir frá aðildarkórunum. Hún hvatti formenn til að senda inn meiri fréttir af starfi kóranna, þar sem vefsetrið geymir allar heimildir. Fréttir mega m.a. vera um starf kóranna, ferðalög, æfingabúðir, fjáraflanir, ferðasögur innan- og utanlands og annað sem kóranir eru að gera í starfinu. Hún óskaði einnig eftir því að kóranir sendu til Gígunnar allar breytingar á stjórn þegar þær gerðust, þannig að réttar upplýsingar væru alltaf á vefsetrinu. Þessar breytingar eru t.d. nýr formaður, heimilisföng, fjöldi kórkvenna og netföng. Einnig hvatti hún konur til að senda inn nýjar myndir af kórunum þar sem margar myndir væri orðnar nokkuð gamlar.

Landsmót 2017.

Pernilla frá Kvennakór Ísafjarðar kynnti landsmótið 2017. Áætlað er að landsmótið verði haldið helgina 12.-14. maí 2017. Hugmyndir hafa verið um að setja mótið seinni partinn á fimmtudeginum. Halldór Smáráson hefur samþykkt að semja landsmótslagið. Margrét Bóasdóttir er búin að gefa vilyrði fyrir því að vera landsmótsstjóri. Pernilla sagði m.a. frá gistirýmum bæði á Ísafirði og í nágrennabyggðum. Rætt var um gistirýmið og einnig að það þyrfti jafnvel að takmarka fjölda kvenna við gistirýmin. Rætt var um að það myndu jafnvel ekki komast fleiri en 500 fyrir í gistirýmum. Gistirými verða kynnt á netinu þegar þau verða komin á hreint. Spurningar komu m.a. um skipulag landsmótsins.

Skemmtiatriði.

Matthildur Guðrún Hafliðadóttir sem er dóttir Margrétar Pálmadóttur og Halldór Smáráson fluttu lag fyrir fundargesti sem heitir Ljúflingsljóð. Fundarkonur nutu yndislegs flutnings þeirra beggja.





Matthildur Guðrún Hafliðadóttir og Halldór Smárason fluttu Ljúflingsljóð.

100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Aðalheiður Gunnarsdóttir ræddi um að 100 ára afmæli kosningaréttis kvenna væri á næsta ári. Hún kom með tillögu um að halda sameiginlega tónleika næsta haust eða jafnvel aðventutónleika. Óskaði hún eftir nefnd vegna þessara viðburðar. Ákveðið var að ein kona úr stjórn Gígjunnar myndi vera í nefndinni og síðan gaf Margrét Pálmadóttir sig fram ásamt Heiðu Gunnarsdóttir úr Kvennakór Garðabæjar.

Lagasmíðar fyrir kvennakóra

Margrét Pálmadóttir ræddi um að þegar kórar láta semja fyrir sig lög verði þau birt á heimasíðu Gígjunnar eftir vissan tíma. Hún ræddi líka um að gefa út sönghefti þar sem kórar senda inn sín 3 upphaldslög en síðan verða 2 lög valin af þeim til að setja í þetta hefti sem yrði þá gefið út undir merkjum Gígjunnar.

Heiðurstilnefning.

Þórhildur sagði frá því að 5 tilnefningar hefðu borist og voru allar konurnar mjög frambærilegar. Stjórn Gígjunnar valdi Sigríði Önnu Ellerup úr Vox Feminae. Þórhildur las upp umsögn Vox feminae um Sigríði Önnu sem var eftirfarandi:

Kvennakórinn Vox feminae tilnefnir hér með Sigríði Önnu Ellerup, eða Önnu Sigu, til heiðurstilnefningar Gígjunnar.

Anna Sigga var einn af stofnendum Kvennakórs Reykjavíkur og starfaði með kórnum frá stofnun hans í janúar 1993 fram til ársins 2000. Hún var formaður Kvennakórs Reykjavíkur frá 1997 - 1999 og vann að mörgum stórum verkefnum fyrir kórinn. Sem dæmi um verk hennar má nefna að hún vann að útgáfu fyrsta geisladisks kórsins, hún stýrði samningagerð við Karlakór Reykjavíkur og

Reykjavíkurborg þegar Kvennakór Reykjavíkur fékk styrk til að eignast hluta í sönghúsinu Ými, og sat í undirbúningsnefnd fyrir Norrænt kvennakóramót árið 2000.

Hún gekk til liðs við Vox feminae 1998 og hefur starfað samfelldt með kórnum síðan. Hún var formaður Vox feminae frá 2006 til 2012. Hún stýrði á þeim tíma afar metnaðarfullu starfi Vox feminae þar sem ráðist var í stór verkefni, svo sem útgáfu tveggja geisladiska, farið var í tónleikaferðir innanlands og utan, tónskáld fengin til að semja verk fyrir kórinn og ráðist í útgáfu ljósmynda- og sögubókar Vox feminae “da capo” í tilefni af 15 ára afmæli kórsins.

Anna Sigga var annar tveggja ritstjóra bókarinnar “da capo” þar sem saga kórsins er rakin í máli og myndum auk hugleiðinga kórfélaga um þýðingu söngs í lífi þeirra. Bókin er því mikilvæg heimild um íslenskan kvennakór sem stofnaður var á síðustu öld og á án efa eftir að varpa ljósi á þann raunveruleika sem við nú búum við.

Anna Sigga hefur skipulagt og tekið að sér fararstjórn í flestöllum utanlandsferðum Vox feminae frá upphafi og einnig Kvennakórs Reykjavíkur meðan hún starfaði þar. Einnig hefur hún verið fararstjóri í árlegum ferðum sönghússins Domus Vox til Ítalíu. Á Ítalíu hefur hún einnig aðstoðað aðra kóra eins og Stúlknakór Grindavíkur og Kvennakór Hafnarfjarðar á þeirra tónleikaferðum. Í öllum þessum ferðum hefur hún unnið fornfúst starf, miðlað fróðleik og haldið utan um farþega af öryggi og umhyggju.

Anna Sigga hefur ávallt sýnt mjög mikinn metnað fyrir hönd starfs kvennakóra á Íslandi og hefur alltaf viljað veg þess sem mestan. Félagar í Vox feminae og öðrum kvenna- og stúlknakórum eiga henni mikið að þakka vegna hennar óeigingjarna starfs. Verkefni kórsins hafa ávallt verið í forgangi hjá henni og hún hefur verið öðrum kórfélögum bæði hvatning og fyrirmynd hvað varðar ástundun, þátttöku í uppbyggingu innra starfs með þátttöku í óteljandi nefndum og uppbyggingu á ímynd kórsins út á við.

Anna Sigga var fulltrúi Vox feminae í afmælisnefnd vegna 20 ára afmælis Kvennakórs Reykjavíkur árið 2013 þar sem þekking hennar á sögu kórsins frá stofnun hans skipti miklu máli, sem og víðsýni hennar.

Fyrst og fremst hefur Anna Sigga þó verið ótvíræður leiðtogi okkar kórfélaganna hin síðustu ár, þar sem hún hefur leitt hópinn með ljúfri lund og brosi á vör. Hún er glæsileg fyrirmynd annarra kórfélaga þegar kemur að elju, áhuga og metnaði fyrir hönd kórsins.

Það er sannfæring félaga í Vox feminae að engin væri betur að heiðursverðlaunum Gíggunnar komin en Sigríður Anna Ellerup.

Elsa Særún Helgadóttir úr kvennakórnum Vox Feminae tók á móti verðlaununum fyrir hönd Sigríðar þar sem hún gat ekki verið á fundinum. Sigríður bað fyrir kveðjur á fundinn og var mjög stolt af þessari tilnefningu Gíggjunnar.



Elsa Særún Helgadóttir tekur við heiðursviðurkenningu Gíggjunnar f.h. Sigríðar Önnu Ellerup.



Sigríður þegar henni voru afhent verðlaunin.

Sigríður Hulda Jónsdóttir og námskeiðið "Efling gleðinnar"

Sigríður Hulda hélt stutt en hnitmiðað námskeið sem heitir Efling gleðinnar. Námskeiðið byggir á rannsóknum innan jákvæðrar sálfræði og tengingu við hugræna atferlismótun. Hún fór yfir daglegar hugsanir okkar og venjur og sýndi fram á hvað viðhorf okkar stýrir miklu um hvernig við tökumst á við dagleg verkefni og líf. Hún sýndi fundargestum hvernig efla ætti jákvæðni og vellíðan við daglegt líf og þær áskoranir sem við stöndum fyrir í lífinu.



Sigríður Hulda Jónsdóttir hélt áhugavert og skemmtilegt námskeið.

Þórhildur formaður þakkaði konum kærlega fyrir komuna og fundarsetuna.

Fundi var slitið kl. 16:05

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir.



